

Áætlun gegn einelti - nemendur

Það er stefna VMA að nemendur sýni samnemendum og samstarfsfólki alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti verður undir engum kringumstæðum umborið í skólanum eða innan vébanda hans. Meðvirkni nemenda í einelti er fordæmd.

Skilgreining VMA á hvað einelti er styðst við reglugerð nr. 1009/2015 en þar segir í 3. gr.:

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Einelti á vinnustað/skólum er alvarlegt vandamál sem stjórnendum ber skylda til að taka á. Einelti hefur víðtæk áhrif á þá sem fyrir því verða, bæði andleg og líkamleg. Auk þess sem einelti hefur oft neikvæð áhrif á starfsanda og vellíðan annarra starfsmanna/nemenda á vinnustaðnum/skólanum.

Dæmi um birtingamyndir eineltis:

- Misnotkun valds/ofstjórnun
- Óréttmæt gagnrýni tengd námi ef kennari á í hlut gagnvart nemanda.
- Meiðandi sögusögnum er komið af stað
- Nemandi er lítillækkaður, útilokaður eða tekinn fyrir
- Nemandi er á einhvern hátt mismunað af kennara/starfsmanni/samnemanda
- Nemandi er hótað
- Nemandi er beittur líkamlegu ofbeldi

Stjórnendur og kennarar bera ábyrgð á því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar. Nýnemum skal kynnt viðbragðsáætlun gegn einelti og áætlunin verði á vef skólans.

Þetta er ekki einelti

Undir einelti fellur EKKI skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á milli tveggja eða fleiri nemenda (nemenda og kennara) nema hann sé viðvarandi eða endurtekinn. Hins vegar er mikilvægt að leysa slík mál án tafar áður en þau þróast til verri vegar.

Tekið verður á fölskum ásökunum um einelti af sömu festu og einelti.

Ef upp kemur einelti

Komi upp einelti skulu þolendur leita til næsta stjórnanda. Nemandi getur leitað til hagsmunaráðs Þórdunu nemendafélags VMA, umsjónarkennara, kennslustjóra, forvarnarfulltrúa, aðstoðarskólameistara, skólameistara eða námsráðgjafa. Þessir aðilar skulu sýna þolanda fullan trúnað. Nánari lýsing er í **viðbragðsáætlun**.

Ef nemandi upplifir einelti ber að taka kvörtun hans alvarlega og bregðast við á faglegan hátt. Leggja skal áherslu á að leysa málið eins fljótt og hægt er.

Öllum aðilum þarf að vera ljóst hvernig tekið er á kvörtun, við hverju megi búast og hvenær, bæði fyrir þann sem ber upp kvörtunina og þann sem kvartað er undan.

Mikilvægt er að við rannsókn eineltis sé farið eftir ákvæðum stjórnsýslulaga. Því er mælt með formlegri leið við meðferð eineltismála. Það á við ef upp kemur mál milli nemenda innbyrðis eða nemanda og starfsmanns. Þegar nemandi hefur gert á hlut starfsmanns eða samnemanda geta viðurlög orðið brottvikning úr skóla, tímabundin eða varanleg. Viðurlögum ef starfsmaður gerir á hlut nemenda er lýst í starfsmannahluta eineltisáætlunar.

Góður skóli

Það er stefna VMA að vera góður framhaldsskóli. Í góðum skóla er virkt upplýsingaflæði og rík áhersla lögð á góð samskipti. Þar er ólíkum einstaklingum sýnt umburðarlyndi og fordómar eru ekki liðnir. Tekið er á vandamálum sem upp koma og viðbrögð eru markviss. Lausna er leitað í stað þess að grafa vandamál í þögn. Ólíklegra er að einelti eigi sér stað innan skóla þar sem starfsandi og námsumhverfi einkennast af virðingu og umburðarlyndi.

VIÐBRÖGÐ – nemendur

Nemandi sem verður fyrir einelti skal snúa sér hið fyrsta til trúnaðaraðila (skólameistara/aðstoðarskólameistara, umsjónarkennara, kennslustjóra, forvarnarfulltrúa, náms- og starfsráðgjafa eða hagsmunaráðs Þórdunu) og tilkynna um atvikið.

Þegar skólameistari eða trúnaðaraðilar nemenda fá vitneskju um einelti munu þeir bregðast við samkvæmt eftirfarandi **viðbragðsáætlun**. Strax er metin þörf þolanda fyrir bráðan stuðning og hann veittur. Lögð verður áhersla á að leysa málið hið fyrsta og koma í veg fyrir frekara einelti.

Sá aðili, sem samband er haft við, ákvarðar síðan í samráði við þolandann og aðra stjórnendur hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

Óformleg málsmeðferð

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan skólans eru alla jafna ekki upplýstir um málið. Mælt er með formlegri málsmeðferð nema þolandi ákveði óformlega málsmeðferð í samráði við trúnaðaraðila og/eða stjórnanda.

Formleg málsmeðferð

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mælt er með þessari leið.

Formleg málsmeðferð - Ferli:

Kvarti nemandi yfir einelti í skólanum þarf að fara vandlega yfir málið og upplýsa atvik þess eftir bestu getu.

- Fara ber yfir málið í ró og næði með nemandanum sjálfum.
- Ræða við meintan geranda sem og aðra sem geta veitt upplýsingar um málið, t.d. samnemendur og kennara/starfsmenn,.
- Draga ekki fleiri inn í málið en nauðsynlegt er. Rétt er að ræða við einn aðila í senn.
- Í einhverjum tilvikum er nauðsynlegt að afla gagna. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað.

- Upplýsingar úr viðtölum og aðrar upplýsingar sem fengnar eru munnlega ber að skrá. Gæta skal þess að upplýsa þolanda um framvindu málsins eins og kostur er á meðan unnið er að lausn þess.
- Skólameistari og/eða aðstoðarskólameistari halda utan um gögn er málið varða, boða fundi og skrá fundagerð. Gögnin eru geymd í möppu á skrifstofu skólameistara.

Niðurstöður

Þegar atvik hafa verið upplýst og *talið er að meintur gerandi hafi beitt þolanda einelti* þarf að huga að afleiðingum og lausn málsins. Þar má nefna aðvörun, áminningu, brottvikningu úr áfanga/skóla. Þolanda og geranda er gefinn tími hjá náms- og starfsráðgjafa VMA.

Gerandi mun ávallt fá leiðsögn - og *aðvörun*.

Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Tímamörk skulu skráð. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.

Láti gerandi ekki af eineltinu leiðir það til áminningar og hugsanlega til brottreksturs.

Sé þolandi og/eða gerandi undir 18 ára aldri ber skólastjórnendum að hafa samband við forráðamenn hvort sem um formlega eða óformlega málsmeðferð er að ræða.

Stjórnanda ber ávallt að skoða ásakanir um einelti. Öðrum ber að koma kvörtunum um einelti áfram til stjórnenda.

Sáttaumleitun

Sáttaumleitun er mikilvæg þegar atvik hafa verið upplýst. Ekki er þörf á formlegri áminningu eða í tilfellum þar sem vafi leikur á réttmæti ásakana.

Markmiðið er að skapa námsumhverfi þar sem einelti er ekki liðið.

Gátlisti; áætlun gegn einelti - Nemendur

Ef tilkynning um einelti kemur til stjórnenda ber að bregðast strax við.

Formlegt ferli - Skólastjórnendur boða fundi.

Haldinn fundur með þolanda

- Meta þarf hverjir ættu að koma á fundinn; skólahjúkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, forvarnarfulltrúi, umsjónarkennari. Forráðmenn eru boðaðir ef nemendur eru yngri en 18 ára. Náms- og starfsráðgjafi skal alltaf mæta á fundinn til að gæta hagsmuna þolanda ef enginn stuðningsaðili er með þolandanum.
- Farið yfir málsatvik, gögn lögð fram ef við á.
- Metinn stuðningur (náms- og starfsráðgjöf, skólahjúkrunarfr., annað (HAK/FSA).
- Ef um alvarlegt ofbeldi að ræða, hafa samband við lögreglu.
- Skólameistari heldur fundargerð þar sem málsatvik koma fram og allir aðilar á fundinum skrifa undir hana áður en fundi líkur.

Haldinn fundur með geranda

- Meta þarf hverjir ættu að koma á fundinn; skólahjú.fr., náms-og starfsráðgj. umsjónarkennari. Forráðmenn eru boðaðir ef nemandi er yngri en 18 ára. Náms- og starfsráðgjafi skal alltaf mæta á fundinn til að gæta hagsmuna geranda ef enginn stuðningsaðili er með gerandanum.
- Farið yfir málsatvik, gögn lögð fram ef við á.
- Skólameistari heldur fundargerð þar sem málsatvik koma fram og allir aðilar á fundinum skrifa undir hana áður en fundi lýkur.

Niðurstöður.

Þegar atvik hafa verið upplýst og talið er að meintur gerandi hafi beitt þolanda einelti þarf að huga að afleiðingum og lausn málsins. Þar getur komið til greina skrifleg aðvörðun eða áminning og jafnvel brottvikning úr áfanga/skóla.

Gerendur og þolendur fá stuðning og leiðsögn undir handleiðslu stjórnanda og/eða náms- og starfsráðgjafa. Ef ástæða er til er nemendum vísað áfram til fagaðila utan VMA.

Skólastjórnendur fylgjast með samskiptum aðila málsins og kalla gerendur og þolendur til sín sitt í hvoru lagi að ákveðnum tíma liðnum. Tímamörkin eru ákveðin á fundum með aðilum málsins.

Sáttaumleitan

Mikilvægt er að ljúka málinu með sameiginlegum fundi þegar atvik hafa verið upplýst.

Ekki er þörf á formlegri áminningu í tilfellum þar sem vafi leikur á réttmæti ásakana.